

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 27. júní 1985****um umbúðir fyrir drykkjarvörur****(85/339/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR:

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í umhverfisáætlunum Evrópubandalaganna frá 1973 ⁽⁴⁾, 1977 ⁽⁵⁾ og 1983 ⁽⁶⁾ er m.a. lögð áhersla á mikilvægi endurvinnslu eða endurnýtingar ýmissa efna sem fyrirfinnast í úrgangi.

Samkvæmt 3. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang ⁽⁷⁾ ber að hrinda í framkvæmd viðeigandi aðgerðum til að stuðla að minnkun úrgangs, endurvinnslu og vinnslu úrgangsefna.

Umbúðir fyrir drykkjarvörur mynda úrgang.

Draga ber úr áhrifum notaðra umbúða á umhverfi og hvetja til minni orku- og hráefnisnotkunar.

Aðildarríkjunum ber, í þeim tilgangi að ná þessum markmiðum, að semja áætlanir um að minnka magn umbúða fyrir drykkjarvörur í tonnum og/eða rúmmál þeirra í húsasorpi sem ráðstafa á endanlega.

Aðildarríkjunum ber, innan ramma þessara áætlana, að gera ráðstafanir, sem m.a. tengjast neytendafræðslu, endurnotkun umbúða fyrir drykkjarvörur, endurvinnslu þeirra og tækninýjungum, annaðhvort með löggjöf eða stjórnvaldsaðgerðum eða með frjálsum samningum.

⁽¹⁾ Stjótíð. EB nr. C 204, 13. 8. 1981, bls. 6.

⁽²⁾ Stjótíð. EB nr. C 242, 12. 9. 1983, bls. 92.

⁽³⁾ Stjótíð. EB nr. C 343, 31. 12. 1981, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjótíð. EB nr. C 112, 20. 12. 1973, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjótíð. EB nr. C 139, 13. 6. 1977, bls. 33.

⁽⁶⁾ Stjótíð. EB nr. C 46, 17. 2. 1983, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjótíð. EB nr. L 194, 25. 7. 1975, bls. 39.

Aðildarríkjunum ber að taka tillit til efnahagslegra aðstæðna, atvinnuástands og markaðsaðstæðna með þeim ráðstöfunum sem þau gera þar sem það á við.

Aðildarríkjunum ber sömuleiðis að taka sérstaklega tillit til krafna um almannahailbrigði. Í þeim tilgangi er aðildarríkjunum heimilt að samþykka reglur eða viðhalda reglum um framleiðslu nýrra umbúða meðan beðið er ákvæða bandalagsins í þessum eignum.

Ráðstafanir þær sem aðildarríkin gera til að hlíta tilskipun þessari verða að vera í samræmi við ákvæði sáttmálans og einkum þau sem lúta að frjálsum vöruviðskiptum.

Tilkynna ber framkvæmdastjórninni um slíkar ráðstafanir meðan þær eru í mótun til þess að hún geti athugað þær með tilliti til gildandi samninga og æst þess að aðildarríkin fresti því að gera slíkar ráðstafanir þegar það á við.

Þar eð ekki er gert ráð fyrir nauðsynlegum heimildum í þessu skyni í sáttmálanum ber að hagnýta sér ákvæði 235. gr. hans.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilgangur með tilskipun þessari er að kveða á um röð reglna um framleiðslu, markaðssetningu, notkun, endurvinnslu og endurnotkun umbúða fyrir drykkjarvörur og um ráðstöfun notaðra umbúða í þeim tilgangi að draga úr áhrifum þeirra síðarnefndu á umhverfið og stuðla að minnkandi orku- og hráefnisnotkun á þessu sviði.

2. gr.

Í tilskipun þessari merkir:

- a) „drykkjarvörur“: þær drykkjarvörur sem skráðar eru í I. viðauka;
- b) „umbúðir“: allar flöskur, dósir, krukur, fernur eða sérhver önnur gerð lokaðra umbúða (að undanskildum tunnum og ánum) sem innihalda drykkjarvörur og gerðar eru úr gleri, málm, plasti, pappír eða sérhverju öðru efni;

- c) „margnotaumbúðir“: allar umbúðir sem ætlunin er að endurheimta til enduráflyllingar að notkun lokinni;
- d) „skilagjaldskerfi“: kerfi þar sem kaupandi greiðir seljanda fjárhæð sem er endurgreidd þegar umbúðunum er skilað;
- e) „endurvinnsla umbúða“: framleiðsla nýrra umbúða eða annars varnings úr notuðum umbúðum eða notkun þeirra sem eldsneyti.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu semja áætlanir um að minnka magn umbúða fyrir drykkjarvörur í tonnum og/eða rúmmál þeirra í húsasorpi sem ráðstafa á endanlega samkvæmt þeim markmiðum sem tilgreind eru í 1. gr.
2. Í fyrsta sinn skal semja áætlanir fyrir tímabil sem hefst 1. janúar 1987 og tilkynna það framkvæmdastjórninni fyrir þann dag.
3. Þessar áætlanir skal endurskoða og endurnýja með jöfnu millibili, a.m.k. fjórða hvert ár, og þá sérstaklega tekið tillit til tækniframfara og breytilegra efnahagsaðstæðna.
4. Taka skal til greina í áætlunum þessum afleiðingar fyrirhugaðra ráðstafana vegna orkunotkunar í því augnamiði að minnka almenna orkunotkun eins og unnt er.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu, annaðhvort með löggjöf, stjórnvaldsaðgerðum eða með frjálsum samningum, innan ramma þeirra áætlana sem tilgreindar eru í 3. gr. og með viðeigandi tilliti til ákvæða sáttmálans um frjáls vöruviðskipti, gera ráðstafanir sem miða m.a. að því:
 - a) að koma á fót neytendafræðslu um kosti þess að nota margnotaumbúðir, endurunnar umbúðir og að notaðar umbúðir hverfi úr húsasorpi;
 - b) að auðvelda endurnotkun og/eða endurvinnslu umbúða fyrir drykkjarvörur;
 - c) hvað við kemur einnotaumbúðum:
 - að stuðla að flokkun og söfnun umbúða;
 - að þróa árangursríkar aðferðir við að finna og ná umbúðum úr húsasorpi;
 - að auka not fyrir efni sem fengin eru úr umbúðum að því marki sem það svarar kostnaði;

- d) að stuðla að tæknilegri þróun og markaðssetningu nýrra gerða af umbúðum einkum í þeim tilgangi að draga úr hráefnisnotkun, auðvelda endurvinnslu og endanlega ráðstöfun umbúðaúrgangs og ná fram almennum orkusparnaði;
- e) að viðhalda og, þar sem unnt er, að hækka hlutfall margnotaumbúða og/eða enduruninna umbúða og/eða að lækka hlutfall óenduruninna umbúða eða einnotaumbúða þar sem atvinnustarfsemi og markaðsaðstæður leyfa.

2. Taka ber sérstaklega tillit til heilbrigðisþátta, þar með talin atriði eins og tæknilegir eiginleikar efna þeirra sem notuð eru, nauðsynlegar kröfur um öryggi og hugverkaréttur á sviði iðnaðar og viðskipta í samhengi við þær ráðstafanir sem getið er um í 1. mgr. og með viðeigandi tilliti til ákvæða sáttmálans og annarra ákvæða bandalagsins um málefni þetta.

Í þeim tilgangi og meðan beðið er reglugerða bandalagsins í þessum efnun er aðildarríkjum heimilt af heilbrigðisástæðu að samþykkja reglur eða viðhalda gildandi reglum til að útiloka notkun tiltekinna efna sem fengin eru úr notuðum umbúðum við framleiðslu nýrra umbúða.

5. gr.

1. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að tryggja að skýrar upplýsingar fylgi á nýjum margnotaumbúðum sem boðnar eru til sölu, annaðhvort á umbúðunum sjálfum eða á merkimiðanum, þess efnis að viðkomandi umbúðir séu margnota. Upplýsingunum verði komið fyrir þannig að þær sjáist auðveldlega, séu auðlesnar og varanlegar og haldist óskemmdar þegar umbúðirnar eru opnaðar.

Þessi kvöð gildir ekki um kerfi sem nú eru í notkun, þar sem margnotaglerflöskur eru notaðar með tilteknum óafmáanlegum upplýsingum, í tíu ár frá þeim degi að tilskipun þessi er birt.

Ekki er nauðsynlegt að gefa til kynna á umbúðum að þær séu margnota ef sala drykkjarvara, t.d. mjólkur eða rjóma, hefur, á tilteknum svæðum, farið um langt skeið fram þannig að notað hefur verið skilakerfi fyrir glerflöskur sem löng hefð er fyrir.

2. Aðildarríkin skulu, þar sem stuðst er við skilagjaldskerfi, gera viðeigandi ráðstafanir til þess að neytendum sé vel kunnugt um upphæð skilagjaldsins.

6. gr.

Aðildarríkin skulu fjórða hvert ár senda framkvæmdastjórninni skýrslur um ráðstafanir sem gerðar eru vegna þeirra áætlana sem greint er frá í 3. gr. og um árangur þann er næst samkvæmt viðmiðunarreglum í II. viðauka.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um sérhver lög og stjórnsýslufyrirmæli sem samþykkt eru og um alla frjálsa samninga sem vísað er til í 1. mgr. 4. gr. og gerðir hafa verið til að framfylgja tilskipun þessari hvort sem þau gilda um allt land eða í einstaka atvinnugreinum.

2. Aðildarríkin skulu, samanber þó tilskipun ráðsins 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða ⁽¹⁾, áður en þau lögleiða slíkar reglur, senda framkvæmdastjórn-

inni uppkast textans til þess að veita henni færi á að kanna hann í ljósi gildandi samninga og, þar sem það á við, fara þess á leit við aðildarríkin að þau fresti því að lögleiða hann.

8. gr.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hlíta tilskipun þessari innan tveggja ára frá birtingu hennar ⁽²⁾.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 27. júní 1985.

Fyrir hönd ráðsins,

A. BIONDI

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8.

⁽²⁾ Aðildarríkjunum var birt tilskipun þessi 3. júlí 1985.

*I. VIÐAUKI***DRYKKJARVÖRUR SEM VÍSAD ER TIL Í 2 gr.**

1. Mjólk og fljótandi mjólkurafurðir með eða án bragðefna, að jógúrt og kefirmjólk undanskilinni.
2. Matarolífur⁽¹⁾.
3. Ávaxta- og matjurtasafar og ávaxtadrykkir.
4. Náttúrulegt ölkelduvatn, vatn úr uppsprettulindum, kolsýrt vatn og almennt neysluvatn.
5. Óáfengir svaladrykkir.
6. Bjór, þar með talinn óáfengur bjór.
7. Vín gert úr ferskum þrúgum; þrúgulögur þar sem gerjun er stöðvuð með því að bæta alkóhóli út í.
8. Vermút og aðrar vintegundir gerðar úr ferskum þrúgum, bragðbættar með ilmjurtum eða -kjörnum.
9. Eplavín, peruvín, mjöður og aðrir gerjaðir drykkir.
10. Ómengað etýlalkóhól með vínandastyrkleika undir 80% miðað við rúmmál; brennivín, líkjörar og aðrir áfengir drykkir; samsettar áfengar efnablöndur til drykkjaframleiðslu.
11. Gerjunaredik og þynnt nýmynduð ediksýra⁽¹⁾.

*II. VIÐAUKI***LEIÐBEININGAR UM SKÝRSLUR SEM SENDA BER FRAMKVÆMDA-STJÓRNINNI SAMKVÆMT 6. gr.**

Upplýsingar sem senda ber framkvæmdastjórninni samkvæmt 6. gr. skulu, að því frekast er unnt, innihalda eftirfarandi atriði:

- magn drykkjarvara sem átappað er, tiltekið sér fyrir hverja tegund og umbúðir sem notaðar eru;
- magn endurnotaðra og enduruninna umbúða, tiltekið sér fyrir hverja gerð umbúðaefnis;
- magn umbúða sem hvorki hafa verið endurnotaðar né endurunnar, tiltekið sér fyrir hverja gerð umbúðaefnis;
- upplýsingar um orkunotkun við framleiðslu og notkun umbúða;
- lýsingu á aðferðinni sem notuð var við öflun og vinnslu ofangreindra upplýsinga.

⁽¹⁾Flestar umbúðir fyrir olfu og edik henta ekki til enduráfyllingar en kunna að henta til endurvinnslu.